

S T A R F S S K Y R S L A 1 9 5 5

=====

Ég starfaði á skrifstofu skógræktarstjóra frá 1. janúar til 15. maí og að nýju á tímabilinu 15. október til ársloka.

Fyrri hluta ársins hafði ég á hendi kennslu í skóla Skógræktar ríkisins, 5 stundir á viku. Á þessum tíma sá ég um niðurröðun og afgreiðslu á fræi til gróðrarstöðvanna og annaðist ýmis innkaup fyrir skógarverðina, sérstaklega í sambandi við gróðrarstöðvarnar. Þá hafði ég eins og undanfarin ár á hendi móttöku og afgreiðslu á öllu girðingar-efni Skógræktar ríkisins, hér í Reykjavík og sá um sölu og dreifingu plantna út um land, á hennar vegum.

Önnur verkefni voru þessi:

Girðingar: Á árinu var lokið að fullu við girðinguna í Straumslandi. Þar er girðingarstöði mjög erfitt og kom strax í ljós eftir veturinn '54-55 að nauðsynlegt var að bora fyrir fleiri staurum og steypa bá fasta, heldur en gert hafði verið í byrjun. Var það gert á þessu sumri og var borað með vélbor Skógræktar ríkisins.

Lokið var á þessu sumri endurbótum á girðingunni um Laugarvatns-skóg. Var nú tekinn fyrir neðri hluti hennar, meðfram veginum. Var þar bætt í tveim háttum gaddavirs, nýjum renzlum og staurum eftir þörfum.

Girðingunni um Haukadal var haldið vel við, eins og áður.

1955 Gróðursetning: Í júnimánuði komu hingað til lands 51 Norðmaður, sem gróðursettu á vegum Skógræktar ríkisins í Haukadal og að Laugarvatni, sem hér segir:

Í Haukadal

3600 skógarfurur 4/0 Troms Innland	<i>Í Ársati 5,900</i>
5000 rauðgreni 2/2 (Andselv)	<i>Faguridal pl. st. sili geti rýpp.</i>
500 lerki 2/2 Hakaskoja	<i>2031</i>
1325 sitkagreni 2/2 (Tumast.)	<i>MacLeod. (ársrit st)</i>
500 hvítgreni 2/2 Lawing	<i>Norðm. gróðurset.</i>

Að Laugarvatni

3000 skógarfurur 3/0 Troms str.
1000 " " 2/2 " "
5000 rauðgreni 2/2 (Andselv)
500 lerki 2/2 Hakaskoja
1400 sitkagreni 2/2 (Tumast.)
500 hvítgreni 2/2 Lawing

Í Haukadal var gróðursett austan og ofan við Svarta(gils)hvamm. Voru ruddar þar spildur og limið borið í kesti.

Á Laugarvatni var gróðursett upp af Gilðrulaut. Er þetta fyrsta gróðursetningin í stórum stíl sem gerð er utan skólagirðingarinnar. Þarna var rutt í burtu 2-3 m háu birkiþarri, en nokkur falleg birki-tré skilin eftir sem yfirgróður.

Í Furulundinn á Þingvöllum voru gróðursett 600 sitkagreni 2/2 frá MacLeod og 200 hvítgreni 2/2 frá Lawing.

Í Straumslandi var ekkert gróðursett á vegum Skógræktar ríkisins en landnemar þar, settu niður um 3000 barrplöntur og birki.

Ferðalög: Auk tíðra ferða um skóglendin á Suðvesturlandi, fór margar ferðir til leiðbeininga um nágrenni Reykjavíkur og austur yfir fjall. Í september fór ég að ósk skógræktarstjóra í allar gróðrarstöðvarnar til eftirlits og talningar á söluhafum plöntum næsta vor.

Viborg 12. febrúar 1956

Einar E. Sæmundsen